

II. b. flokkur. Hvít haustull vel þvegin og vel þur.

71

III. flokkur. Öll svört og að öðru leyti dökkleit vorull, sem um allt nema lit fullnægir sömu skilyrðum og I. fl. vorull. 1. sept

IV. flokkur. Öll mislit ull og úrgangur úr vorull, sem ekki fullnægir skilyrðum I. til III. flokks, en er vel þur.

V. flokkur. Öll hvít haustull óþvegin en laus við skarnsnepla, blóðskorpur og skinnsnepla.

VI. flokkur. Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þur, er ekki hæf til útflutnings; eigi heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.

3. gr.

Merkja skal ullarsekk þannig: Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni, hverjum flokki ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki meo færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 30. apríl 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

FISKIVEIÐASAMÞYKT

fyrir

fjóra nyrðstu hreppa í Strandasýslu.

72

2. sept.

1. gr.

Slægja má fisk á höfnum inni og meðfram landi á 100 faðma bili frá stórstraumsfjörumáli, en að öðru leyti með öllu bannað að slægja fisk og bera

72 niður slor, hausa og fiskúrgang innan landhelgi fyrir landi fjögra nyrstu hreppa
2. sept. Strandasýslu.

2. gr.

Það skal bannað, að láta lóðir liggja að nauðsynjalausu að næturlagi fyrir innan línu, sem dregin er frá Malarhorni á Selströnd í Hvalsárhöfða í Kirkjubólshreppi.

3. gr.

Eftirlit með því, að samþykkt þessari sje hlýtt, skal falið einum formanni þeirra, er róa frá eftirtöldum verstöðvum: Gjögri, Kúvíkum, Eyjum, Drangnesi, Kirkjubóli og Smáhömrum. Semja hlutaðeigandi sveitarstjórnir við eftirlitsmennina um þóknun fyrir eftirlitið, enda greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði.

4. gr.

Brot gegn 1. gr. þessarar samþyktrar varða sektum frá 100—500 kr. eftir málavöxtum. Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 10—100 kr.

Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem næstur er vettvangi. Þó skal þriðjungur þeirra ganga til uppljóstrarmanns.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. september 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

73
2. sept.

SAMÞYKKT

um

lendingarsjóð í Eyrarbakkaveiðistöð.

1. gr.

Af vjelbátum, er leggja afla á land á Eyrarbakka, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ af brúttóafla, en $\frac{1}{4}\%$ af brúttóafla róðrabáta.